

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 308/2015

2017/EES/64/14

frá 11. desember 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2014 frá 11. júlí 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstieininga fyrir íbúðarhúsnæði <sup>(1)</sup>.
- 2) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 4n (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„4o. **32014 R 1254:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2014 frá 11. júlí 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstieininga fyrir íbúðarhúsnæði (Stjtið ESB L 337, 25.11.2014, bls. 27).“

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 11n (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„11o. **32014 R 1254:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2014 frá 11. júlí 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstieininga fyrir íbúðarhúsnæði (Stjtið. ESB L 337, 25.11.2014, bls. 27).<sup>(1)</sup>

(1) Einungis skráð hér í upplýsingaskyni. Hvað beitingu varðar er vísað til II. viðauka, Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1254/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 337, 25.11.2014, bls. 27.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Sletnes***

formaður.